

varð á greiðslu frá hennar hendi, og að margítrekaðra innheimtu-tilrauna hafi því ekki verið þörf, þar sem ljóst virðist hafa verið, að líklegt var, að málið yrði dómstólamál, svo sem orðið er. Þykir því rétt að lækka þenna reikning um kr. 150.00, og verður dæmdur málskostnaður í aðalsök því kr. 2401.20 — 150.00 = kr. 2251.20.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í gagnsök falli niður.

Mál þetta var þingfest 19. des. 1942, og tók setudómarinn þá við málinu. Það var dómtekið að afloknum munnlegum málflutningi þann 16. þ. m.

Því dæmist rétt vera:

Aðalstefndir, Vélbátatrygging Eyjafjarðar og eigendur m/s Narfa E. A. 671, greiði aðalstefnendum, eigendum m/s Magnúsar N. K. 84, kr. 35000.00 með 5% ársvöxtum frá 7. jan. 1942 til greiðsludags og kr. 2251.20 í málskostnað.

Gagnstefndir skulu vera sýknir af kröfum gagnstefnenda í gagnsök og falli málskostnaður í henni niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. maí 1943.

Nr. 3/1943. Óskar Gíslason (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Bæjarstjóranum í Vestmannaeyjum f. h.
bæjarsjóðs (Gunnar J. Möller).

Útvarsmál.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Friðþjófur G. Jóhnsen, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 11. janúar 1943, krefst þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður verði úr gildi felldur og synjað verði um framkvæmd lögtaksins. Svo krefst hann og málskostnaður úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið í máli þessu, að áfrýjandi fluttist til Reykjavíkur ásamt konu og barni haustið 1940. Stundaði hann nám við Stýrimannaskólann næsta vetur og lauk prófi í þeim skóla vorið 1941. Voru þau hjón og barn þeirra skráð á manntal í Reykjavík haustið 1940, þar taldi áfrýjandi tekjur sínar og eignir fram til skatts, og var þar skattur og útsvar á hann lagt vorið 1941. Sumarið 1941 stundaði hann síldveiðar á skipi sínu frá Siglufirði, en kona hans og barn eru talin hafa dvalizt þá um sumarið áfram í Reykjavík. En haustið 1941 fluttist hann aftur ásamt fjölskyldu til Vestmannaeyja. Samkvæmt því, sem nú var rakið, var hann heimilisfastur í Reykjavík, þegar niðurjöfnun útsvara fór fram 1941, og var því réttilega lagt á hann útsvar þar, sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 106/1936. Vélbátur hans, Garðar V. E. 320, var skrásettur í Vestmannaeyjum á þeim tíma, er áfrýjandi dvaldist í Reykjavík, og virðist bátur þessi hafa gengið til fiskjar frá Vestmannaeyjum á vetrarvertið og vorvertið 1941. En ekki er því haldið fram, að áfrýjandi hafi þá haft fyrirtæki í landi hvorki vegna útgerðar bátsins né í öðru skyni. Útgerð þessi verður ekki talin heimilisföst atvinnustofnun í Vestmannaeyjum samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936, sbr. 9. gr. b- og c-lið sömu laga. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framkvæmd lögtaks.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Stefndi, Bæjarstjórinn í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Óskari Gíslasyni, kr. 800.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 25. nóv. 1942.

Bæjarsjóður Vestmannaeyja hefur krafizt þess, að undangengnum lögtaksúrskurði, að tekið verði lögtaki útsvar það, kr. 5600.00, auk

dráttarvaxta og kostnaðar, er gerðarþola, Óskari Gíslasyni, var gert að greiða til bæjarsjóðs Vestmannaeyja fyrir árið 1941, en gerðarþoli hefur neitað að greiða útsvarið.

Var málið tekið fyrir í fúgetaréttinum þann 6. maí s.l., og mótmælti gerðarþoli framgangi gerðarinnar. Málið var síðan sótt og varið og síðast þann 18. þ. m. tekið fyrir samkvæmt samkomulagi aðilja og tekið til úrskurðar sama dag. Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar.

Þrátt fyrir drátt þann, sem orðið hefur á málinu, verður að líta svo á, að lögtaksrétturinn vegna útsvarskröfunnar sé enn í gildi og að ekki sé ástæða til að synja um framgang gerðarinnar af þeirri ástæðu, enda hefur gerðarþoli engin mótmæli sett fram, sem byggð séu á þessu.

Málavextir eru þessir:

Haustið 1940 fluttist gerðarþoli, Óskar Gíslason, til Reykjavíkur og dvaldi þar við nám í Stýrimannaskólanum, þar til fram á árið 1941. Greiddi hann útsvar í Reykjavík árið 1941, kr. 400.00, en jafnframt var honum við niðurjöfnun útsvara í Vestmannaeyjum 1941 gert að greiða kr. 5600.00 í útsvar til bæjarsjóðs Vestmannaeyja, svo sem áður segir.

Gerðarþoli er eigandi og reiðari v. b. Garðars V. E. 320, en sá bátur er yfir 30 smálestir að stærð, en er og hefur verið skrásettur í Vestmannaeyjum. Hefur báturinn stundað héðan fiskveiðar á vetrarvertíðum að minnsta kosti og sildveiðar fyrir Norðurlandi á sumrum, eins og margir aðrir Eyjabátar. Var gerðarþoli skipstjóri á bátnum á vetrarvertíð hér 1940 og á sildveiðum um sumarið sama ár. Annan atvinnurekstur en útgerð v. b. Garðars hefur gerðarþoli eigi.

Gerðarbeiðandi hefur haldið því fram, að vélbátur gerðarþola, Garðar V. E. 320, sem sé yfir 30 smálestir að stærð hafi fyrr og síðar verið skrásettur hér í Vestmannaeyjum og haft hér bækistöð sína og festi á bátalegunni. Gerðarþoli reki eigi annað atvinnufyrirtæki en útgerð þessa og eigi því að greiða af henni útsvar í heima sveit hennar, þ. e. hér í bænum, því hér sé um sjálfstæðan atvinnurekstur að ræða, er enginn efist um, að eigi hér heimilisfang. Hins vegar sé eigi lagt hér útsvar á aðkomubáta. Þótt gerðarþoli hafi greitt útsvar í Reykjavík 1941 með kr. 400.00, geti það hér engu um breytt.

Gerðarþoli eigi því að greiða útsvar hér í bænum árið 1941 skv. 8. gr. útsvarslaganna nr. 106/1936. Enn fremur segir gerðarbeiðandi, að gerðarþoli hafi gert v. b. Garðar út héðan árið 1940 á sama hátt og áður, og einnig á sama hátt og önnur skip hér af svipaðri stærð og Garðar voru gerð út þá, þ. e. aflinn seldur í fisktökuskip, meðan vetrarvertíð stóð yfir, þar sem það hafi þótt arðvænlegastur verzlunarmáti þá.

Skipverjar á Garðari hafa átt hér heimili og fast aðsetur í landi. Enn fremur heldur gerðarbeiðandi því fram, að Garðar hafi fiskað vel hér árið 1940 og sömuleiðis á sildveiðum sama ár, og hafi útgerðarkostnaður verið lítill, sérstaklega á sildveiðunum. Ekki hafi verið gert mikið við bátinn þetta ár, en tveimur til þremur árum áður hafi farið fram á honum mikil viðgerð. Á sildveiðum um sumarið hafi báturinn verið gerður út á sama hátt og aðrir Eyjabátar. Loks bendir gerðarbeiðandi á, að útsvar það, kr. 400.00, er gerðarþoli telur sig hafa greitt í Reykjavík 1941, sé undarlega lítið, þar sem báturinn hafi aflað ágætlega 1940, eins og áður segir, en gerðarþoli var þá skipstjóri með bátinn, og geti útsvar þetta því aðeins verið lagt á atvinnutekjur, en ekki á tekjur vegna útgerðarinnar. Telur gerðarbeiðandi það engu geta breytt um útsvarsskyldu gerðarþola hér þetta ár, þótt hann dveldi í skóla í Reykjavík um 3 mánuði af árinu 1940, enda hafi hann fyrr og síðar borið hér útsvar án þess að mótmæla útsvarsskyldunni.

Gerðarþoli hefur hins vegar haldið því fram, að hann hafi flutt búferlum til Reykjavíkur haustið 1940 ásamt fjölskyldu sinni og haft þar íbúð á leigu og átt þar lögheimili og verið um veturinn í Stýrimannaskólanum. Hafi hann skilað framtali sínu til tekju- og eignarskatts til skattstofunnar í Reykjavík og greitt þar skatta og útsvar. Hafi hann greitt gjöld þessi í Reykjavík af öllum tekjum sínum og rekstri árið 1940 og ekki átt hér á þessu tímabili nokkrar þær eignir né haft hér slíkan atvinnurekstur, er heimilt væri að leggja á útsvar við niðurfjöfnun 1941 skv. 8. gr. útsvarslaganna. Útsvar sitt í Reykjavík 1941, kr. 400.00, hafi verið svona lágt vegna þess, að sér hafi verið leyft að draga frá á framtali sínu kostnaðarliði af viðgerð v. b. Garðars þetta ár (1940). Þá heldur gerðarþoli því fram, að v. b. Garðar hafi árið 1940 verið gerður út í Vestmannaeyjum sem hver annar aðkomubátur, þótt hann hafi verið hér skrásettur, en þar sem báturinn sé yfir 30 smálestir, megi skrásetja hann þar í lögsagnarumdæmi, sem eigandi vill. Ekki hafi verið lagður hér upp neinn afli úr v. b. Garðari á vetrarvertíð 1940 og enga bækistöð hafi báturinn haft í landi, og geti það engu máli skipt, þótt bátverjar hafi átt hér heimili og báturinn haft festi á bátalegunni. Útgerð Garðars héðan árið 1940 telur hann hafa verið með sama hætti og á sildveiðum frá Siglufirði s. ár, en þó hafi ekki verið lagt á hann útsvar þar. Telur gerðarþoli, að Vestmannaeyjabær ætti að gera kröfu um útsvarshluta til Reykjavíkur, eins og hann kveður Siglufjörð hafa gert, í stað þess að leggja hér á sig útsvar, er hafi verið óheimilt.

Það er upplýst í máli þessu, að gerðarþoli, Óskar Gíslason, fór haustið 1940 til Reykjavíkur og dvaldi þar ásamt fjölskyldu sinni nokkra mánuði, eða meðan hann var á Stýrimannaskólanum. Enn fremur hefur því verið haldið fram af gerðarþola, að hann hafi

verið skráður á manntal í Reykjavík 1940 og að hann hafi skilað til skattstofunnar þar tekju- og eignarskattsframtali sínu fyrir árið 1940 og greitt þar skatta. Útsvar til bæjarsjóðs Reykjavíkur fyrir árið 1941 hefur gerðarþoli greitt með kr. 400.00, en þrátt fyrir þetta sést eigi, að hann hafi kært útsvarsálagninguna hér í bænum. Það er upplýst í málinu, að vélbátur gerðarþola, Garðar V. E. 320, sem er yfir 30 smálestir að stærð, er og hefur verið skrásettur hér í Vestmannaeyjum og gerður héðan út á vetrarvertíðum, þ. á. m. 1940. Á sumrin var báturinn gerður út á sildveiðar fyrir Norðurlandi. Gerðarbeiðandi hefur bent á það, að Garðar hafi stundað hér veiðar á vetrarvertíð 1940 á sama hátt og áður — enda haft hér áfram bækistöð — og þessa vertíð á sama hátt og aðrir Eyjabátar af svipadri stærð gerðu þá, og að bátar almennt hafi þá selt afla sinn í fisktökuskip, því að sá verzlunarháttur hafi verið arðvænlegastur. Enn fremur er það upplýst, að gerðarþoli hefur greitt hér útsvar vegna útgerðar v. b. Garðars (en annan atvinnurekstur hefur hann eigi) bæði fyrir og eftir 1941, án þess að mótmæla útsvarsskyldunni.

Það er ekki upplýst, að gerðarþoli hafi tilkynnt, að hann flytti búferlum til Reykjavíkur 1940, og þótt hann kunni að hafa verið skráður þar á manntal það ár, meðan hann dvaldist þar við nám, gefur litla bendingu um, að heimilisfesti hans í Vestmannaeyjum hafi jafnframt rofnað, þar sem allir þeir, sem staddir voru í Reykjavík við þetta manntal, voru skráðir á það. Hins vegar er það eigi sannað, að gerðarþoli hafi verið skráður hér á manntal 1940, en þrátt fyrir það verður eigi séð, að dvöl hans við nám í Reykjavík seinni hluta árs 1940 og fram á árið 1941 hafi verið með þeim hætti, að tilefni hafi verið til þess fyrir niðurjöfnunarnefndina hér að ætla, að hann hafi ætlað sér að dvelja áfram í Reykjavík og flytja héðan, þannig að hann losnaði við að greiða hér opinber gjöld.

Enn fremur þykir rétt að hafa það í huga, að útgerð v. b. Garðars hefur ætíð verið talin heimilisföst atvinnustofnun hér í Eyjum, en á því, sem fyrir liggur í málinu, verður eigi séð, að útgerðarfyrirkomulaginu á v. b. Garðari V. E. 320 hafi á nokkurn hátt verið breytt árið 1940 frá því, sem áður var, þótt gerðarþoli væri þá um tíma í skóla í Reykjavík, fram yfir það, sem almennt stafaði af breyttum verzlunarháttum, þ. e. bátar hér seldu þá almennt afla sinn í fisktökuskip í stað þess að leggja hann hér á land til verkunar. Hins vegar lögðu bátar hér upp lifur og tóku is. Gerðarþoli hefur bæði fyrir og eftir 1941 greitt hér útsvar vegna útgerðar v. b. Garðars, án þess að mótmæla útsvarsskyldunni, og ekki sést, að hann hafi kært útsvarsálagninguna hér 1941, þótt hann hafi greitt útsvar í Reykjavík sama ár.

Samkvæmt ofanrituðu verður því að líta svo á, að samkvæmt 8. gr. útsvarslaganna nr. 106 frá 1936 sé útsvar það, er hér um ræðir, kr. 5600.00, réttilega lagt á gerðarþola, Óskar Gíslason, og ber því

að leyfa framgang hinnar umbeðnu gerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. maí 1943.

Nr. 98/1942. Eigendur v/b. Ársæls V. E. 8
(Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Eigendum v/b. Kára V. E. 27
(Stefán Jóh. Stefánsson).

Ómerking málsmeðferðar og dóms og visun máls heim í hérað.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sigfús M. Jóhnsen, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, ásamt sjódómsmönnum Páli Þorbjarnarsyni og Lúðvík N. Lúðvíkssyni.

Mál þetta var þingfest í héraði 4. okt. 1941, og á dómþingi 31. s. m. lagði stefndi fram greinargerð og mótmælti kröfum sækjanda. Átti héraðsdómur þá samkvæmt 109. gr. laga nr. 85 frá 1936 að kveða á um munnlegan málflutning eða skriflegan og veita aðiljum sameiginlegan frest til öflunar sakargagna. Í stað þess fá umboðsmenn aðilja fresti á víxl og skiptast á alls 6 skriflegum greinargerðum til 4. júní 1942. Var málið þá tekið til dóms og dæmt, án þess að munnlegur málflutningur færi fram og án þess að héraðsdómur hefði tekið afstöðu til þess samkvæmt 109. gr. laga nr. 85 frá 1936, hvort skilyrði til skriflegs málflutnings væru fyrir hendi. Með því að málsmeðferðin brýtur svo í bága við nefnda 109. gr., þykir ekki verða hjá því komizt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði frá þinghaldi 31. okt. 1941 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar málsmeðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.